

## Sorpa bs.

Ár, 2015, föstudaginn 9. janúar, var haldinn 345. stjórnarfundur SORPU bs. að Gylfaflöt 5 og hófst hann kl. 07:30. Mættir eru: Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Guðmundur Geirdal. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri. Gestir fundarins voru Hallur Símonarson og Anna Margrét Jóhannesdóttir undir lið 5 og Ágúst Þorbjörn Þorbjörnsson undir lið 6. Ragna I. Halldórsdóttir deildarstjóri umhverfis- og fræðsudeildar undir 1. lið. Fundarritari Sigríður Björg Einarsdóttir.

### Petta gerðist:

1. Niðurstöður Capacentkönnunar á viðhorfum til úrgangsmála og endurvinnslu  
Framkvæmdastjóri og deildarstjóri umhverfis- og fræðsludeildar Ragna I. Halldórsdóttir kynna niðurstöður úr neyslukönnun Capacent.
2. Útboð á móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs af endurvinnslustöðvunum  
Framkvæmdastjóri kynnur framkvæmd útboðs og niðurstöðu á móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs af endurvinnslustöðvum SORPU. Eitt tilboð barst og var gengið til samninga við bjóðanda, Efnamóttökuna hf. í kjölfarið. Kynnt bréf Úrvinnslusjóðs til Umhverfisráðuneytis þar sem fram kemur afstaða stjórnar sjóðsins til útboðsins
3. Umsögn SORPU vegna beiðni ÓK Lögmanna fyrir hönd Íslenska gámafélagsins og Metanorku um aðgang að tilteknum gögnum  
Umsögnin lögð fram og kynnt.

Halldór Auðar Svansson mætir til fundar.

4. Árleg húsasorpsrannsókn  
Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur kynna frekari niðurstöður úr árlegri húsasorpsrannsókn ásamt magntölum.
5. Endurskoðunarnefnd og innri endurskoðun  
Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar fór yfir hvað felst í innri endurskoðun. Í framhaldi af kynningu á endurskoðunarnefnd Reykjavíkur á 344. fundi stjórnar var lögð fram ósk um að aðkoma nefndarinnar að eftirliti stjórnar Sorpu bs. með ytri endurskoðun og innra eftirliti hjá Sorpu bs. yrði formgerð. Stjórnin samþykkir að fela endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hlutverk endurskoðunarnefndar félagsins. Endurskoðunarnefnd mun þannig vinna fyrir hönd stjórnar Sorpu bs. að verkefnum sem skilgreind eru í samþykktum fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkur.  
Komið verði upp verklagi í samstarfi Sorpu bs. og endurskoðunarnefndar til að tryggja samfellu í upplýsingaflæði til stjórnar. Stjórnin samþykkir að fela framkvæmdarstjóra og formanni stjórnar að útfæra samskipti við endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.
6. Tillaga stjórnar SSH um rekstrarúttekt á byggðasamlögum  
Lögð fram tillaga stjórnar SSH um rekstrarúttekt byggðasamlaganna Strætó, SORPU og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Ágúst Þorbjörn Þorbjörnsson frá Framsækni kynnti hvað felst í slíkri úttekt. Stjórn samþykkir erindi SSH um rekstrarúttekt.
7. Staða viðræðna um sameiningu/samstarf SORPU og Kölku

Framkvæmdastjóri kynnir stöðu viðræðna um samstarf/sameiningu.

8. Næsti fundur.  
Næsti fundur stjórnar ákveðinn 6. febrúar kl. 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir.

**Fundi slitið klukkan 10:00**

Bjarni Torfi Álfþórsson

Halldór Auðar Svansson  
Rósa Guðbjartsdóttir  
Hafsteinn Pálsson  
Sigríður Björg Einarsdóttir

Jóna Sæmundsdóttir  
Guðmundur Geirdal  
Björn H. Halldórsson  
Bjarni G.P. Hjarðar